

Mál 33/2019

Þriðjudagur 12. maí 2020, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 33/2019

Hundaræktarfélag Íslands

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (Hundaræktarfélags Íslands) sem barst siðanefnd 21.10.2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði hafi gerst brotlegur við reglugerð um ættbókarskráningu þar sem við skráningu á hvolpum fæddum 28.6.2019 hafi komið í ljós að A var ekki með fyrirbyggjandi augnvottorð við þörun með B. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 21.10.2019 og henni gefinn 4 vikna andmælafrestur. Kærða svaraði efnislega. Öll vottorð og niðurstöður (eftirá tekin) voru tekin gild og hafa öll afkvæmi verið ættbókarfærð. Ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Kærandi telur að með þöruninni hafi kærði brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Tíkin er af kyninu labrador retriever og er í eigu kærðu.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir þörun um heilsufarsskoðun.

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að tilskilin vottorð lágu ekki fyrir við þörun en slík vottorð eru gögn sem eru áskilin um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að þau liggi fyrir við þörun til þess að tryggja sé að hundurinn beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóma. Ræktendum ber skylda til þess að kynna sér viðeigandi ræktunarreglur félagsins fyrir þörun. Það breytir ekki brotinu að hundurinn hafi staðist skoðun eftir, það var ekki fyrir séð og telst kærði því vera brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

IV. Niðurstaða

Kærða X telst hafa gerst brotlegur gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt öðru sinni.

F.h. siðanefndar

Klara Símonardóttir

Anna D. Hermannsdóttir

Ásta María Karlsdóttir